

Fundur fjallskilaneftndar 9.sept 2015 að Ljótarstöðum

Mættir eru:

Auður Guðbjörnsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Sæmundur Oddsteinsson og Sigfús Sigurjónsson.

1. Sigfús beðin um að taka að sér Fjallkonginn annað árið í röð.
2. Hanna Valdís Jóhannsdóttir fengin sem matráðskona.
3. Jón Geir Ólafsson fengin sem réttarstjóri.
4. Ákveðið að seinka afrétt um viku ef veður leyfir. Lagt verði af stað í fögrufjöll föstudaginn 11 sept. Smalar sem mæta eiga á afrétt mæta 14.sept upp í Hólaskjól.
5. Bílstjórar verða Jón Geir, Sæmundur og Guðmundur.
6. Sigurður á Snæbýli fengin til að sækja fé út á Mælifellssand.
7. Ræddar voru breytingar sem gerðar voru á lögréttinni í Gröf. Farið yfir dilkaskipan. Rætt um að reyna að koma því í verk næsta sumar að bera á timbrið í réttinni. Ákveðið að falast eftir fjármagni hjá Sveitafélaginu í verkið.
8. Rætt var um beiðni Rafns í Hemrumörk um smölun á Hemrumarkarlandi. Ákveðið að taka málið fyrir þegar nær drægi.

Ekki meira tekið fyrir að sinni.

Fundi slitið

Auður Guðbjörnsdóttir